




ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN

NR. 5 - JÚLÍ '78



Útgefandi: ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN, félag íslenskra áhugamanna um fjallamenndu, pósthólf 4186, Reykjavík.

Blað þetta kemur út í byrjun annars hvers mánaðar, efni í það þarf að hafa borist ritnefnd fyrir 15. næsta mánuð. fyrir útkomu blaðsins.

Stjórn ÍSALP:

Formaður: Einar H. Haraldsson, s. 21586
Gjaldkeri: Guðjón Ó. Magnússon, s. 36059
Ritari: Ingvar Teitsson, s. 72236, vinna 85177
Varaform: Helgi Benediktsson, s. 86139, vinna 12045
Meðstjórn: Erlingur Thoroddsen, s. 19828, vinna 83599
---"--- Guðmundur Ingi Haraldsson, s. 10185, vinna 17400

Ritnefnd:

Ábyrgðarm: Ingvar Teitsson
Aðrir í ritnefnd: Erlingur Thoroddsen
ritnefnd: Guðmundur Ingi Haraldsson
Magnús Guðmundsson, s. 30214

Ferðanefnd:

Einar H. Haraldsson
Guðjón Ó. Magnússon
Helgi Benediktsson
Tórhoður Hjaltason, s. 24726

Umsjón bókasafns:

Einar H. Haraldsson

Efni þessa blaðs:	bls.
Frá stjórninni.....	3
Mount Everest hæsta fjall heims klifið fyrsta sinni	
fyrir "25 árum".....	5
Fimmvörduhálsslysið 1970 - víti til varnadar?.....	14
Suðurtindur Kangchenjunga klifinn fyrsta sinni.....	18
Páskar á Öræfajökli.....	19
Nick Estcourt ferst í K2-leiðangri Boningtons.....	24
A skíðum um Alpana.....	25
Stöðvun með ísexi.....	30
Ferðaáætlun ÍSALP.....	31

FRA STJÓRNINNÍ:

Hér kemur nú 5. tölublaðið af riti ÍSALP, hefur vaxið lítið eitt frá síðasta blaði, og er það vel. Ótgáfa blaðs af þessari stærðargráðu er nokkuð dýr. Var því horfið að því ráði síðast að fá auglýsingu í blaðið. Verður svo væntanlega einnig framvegis. Enn sem fyrr viljum við eindregið hvetja menn til að skrifa í blaðið. Ókkur þykir félagarnir því miður allt of pennalatir.

Nú eiga allir félagar klúbbsins að hafa fengið gíróseðil fyrir árgjaldinu 1978. Eru það vinsamleg tilmæli stjórnarinnar, að menn greiði árgjaldið sem allra fyrst, ef þeir hafa ekki þegar gert það, því að kostnaður vegna útgáfu blaðsins og annars starfs klúbbsins er umtalsverður, en árgjöldin eina tekjulindin.

I vor var gengið frá kynningarbréfi frá ÍSALP til nokkurra hliðstæðra klúbba og tímarita á Vesturlöndum. Voru viðkomandi aðilar jafnframt beðnir að koma þessu bréfi á framfæri, hver á sínu áhrifasvæði. Jafnframt var tekið fram í bréfinu, að klúbburinn væri reiðubúinn til að veita útlendingum upplýsingar um aðstæður til klifurs og skíðaiðkana hérlendis, ef þess væri óskað.

Um félagsstarfið í maí og júní:

Botnssúlnaferðin: Sunnudaginn 7. maí var farið á Botnssúlur skv. áætlun. Þátttakendur voru fáir, enda veður óhagstætt um morguninn. Auk þess varð 4. tölublaðið seint fyrir, svo að boðun ferðarinnar var ekki svo góð sem skyldi.

Vel rættist þó úr veðrinu. Ekið var austur að Svartagili og gengið þaðan upp á Miðsúlu. Eftir gönguna var farið um stund í klettaklifur á Þingvöllum.

Gígjöklusferðin: Þann 10. júní var lagt af stað áleiðis austur að Eyjafjallajökli. Brottför upp úr kl. 06. Veður var slæmt um morguninn, rigning og nær slagviðri. Allgóð mæting var þó, 17 manns, bættist auk þess einn í hópinn fyrir austan.

Veður skánaði, er á daginn leið, og var úrkumulítið lenrst af um daginn austur í Gígjöklum. Við slögum upp tjöldum í gamalli vatnsrás neðan undir Grýtutindi, var komið hádegi, þegar það var búið. Eftir það var farið í skriðjökulinn og verið þar í 6 - 7 klst. Lærðu víst flestir eitthvað nýtt þar.

A laugardagskvöldið fór að birta, og veðurspáin var ágæt. Akváðum við þá að ganga á Eyjafjallajökul í býti á sunnudagsmorguninn, ef veður leyfði. Var því farið snemma í háttinn, enda vakti Helgi alla með hrópum og fyrirgangi kl. 04³⁰. Var þá heiðríkt og stafalogn.

Við lögðum upp kl. 06⁰⁰ og fórum upp gil eitt mikið vestanvert í Innstuhausum, rétt vestan Gígjökuls. Er það auðveld leið og ekki läng upp á jökulinn. Fljótlega fór þó að þykkna upp, og mátti segja með sanni, að okkur leist ekki á blikuna. Þetta fór þó betur en á horfðist, því að þótt brátt yrði alskýjað, var svo háskýjað, að öll fjöll voru hrein. Hélst svo fram undir kvöld.

Við stefndum fyrst upp á Vestari-Skolt. (Fremri-Skolt). Er hann 1494 m. Í 1200 - 1300 m hæð var hjarnið orðið svo hart, að við fórum á brodda. Vorum við svo á þeim yfir allan hæsta hluta jökulsins. Um líkt leyti var farið í línur. Frá Vestari-Skolti gengum við þvert suðaustur yfir gígskálina á Hámund, hæsta tind jökulsins (1666 m). Vorum við komnir þar upp um kl. 11³⁰. Sérkennilegt var, að þarna uppi voru allar sprungur lokaðar, við sáum bókstaflega hvergi opna sprungu á hájöklinum.

Víðsýni var geysilegt frá Hámundi þennan dag, enda hvergi þoka á fjöllum, svo langt sem séð varð. M.a. sáum við Esjuna, kollinn á Eiríksjökli, Tungnafellsjökul og Öræfajökul.

Frá Hámundi gengum við vestur með suðurbarmi gígskálarinnar og út að Guðasteini Fljótshlíðunga (1580 m). Þaðan gengum við niður að Skerjahrygg og fylgdum honum niður úr jöklinum. Eftir það eru vörður (hlaðnar 1976) niður Litluheiði fram á brúningu vestan við Grýtutind. Komum við beint niður að tjöldunum.

Myndakvöld: Kínversk kvíkmynd frá leiðangri Kínverja á Everest 1975 var sýnd á fjölsóttum fundi í Gróubúð þ. 12/6. Einning sýndi Arnór Guðbjartsson litskyggur úr Alpaferð þeirra Helga, sjá „A skíðum um Alpana.“ Loks sýndi Guðjón Magnússon skyggur, m.a. úr vel heppnaðri ferð ISALP á Snæfellsnes kringum sumardaginn fyrsta í ap. sl.

Pingvallaferðin: Klifurferðin á Þingvelli þ. 18/6 var fámann, enda veður ekki hagstætt. Hér kom það líka fram, að mati þeirra, sem fóru, að galli er að hafa ekki ákveðinn fararstjóra.

MOUNT EVEREST HÆSTA FJALL HEIMS KLIFIÐ FYRSTA SINNI FYRIR "25 ÁRUM"

"Við litum með ákafa til hryggjarins fram undan, því að hann hlaut að ráða úrslitum. Bæði Tom og Charles höfðu haft á orði, hve erfiður hryggurinn væri, svo að ég var ekki sérlega vongður. Það var hrikaleg sjón, sem við okkur blasti, en þó ekki svo að okkur félle allur ketill í eld. Fyrstu súrefnisflöskurnar okkar, sem höfðu verið fullar að premur fjórðu hlutum, voru nú tómar, svo að við fleygðum þeim og lögðum af stað með létt, 19 pundi tæki-fulla súrefnisflösku, sem var stillt á 3 lítra á mfnútu. Við héldum af stað af syðri tindinum og ég tók að höggva þrep í ágætan, harðan snjó. Færðin var ágæt og mér leið vel, af því að okkur miðaði jafnt og pétt. Tenzing hafði mig alltaf í strengdri línu, og við hreyfðum okkur aldrei samtímis. Eftir klukkustund eða þar um bil komum komum við að 16ðréttu klettaþepi á hrygnum. Það reyndist mjög erfitt viðureignar. En til hægri við það var 16ðrétt hjarnþil, 40 feta hátt sem ég mjakaði mér upp eftir, og þannig komumst við loksns upp. Ég var bæði undrandi og ánægður með, að ég skyldi fær um slíkt átak í þessari hæð. Ég hjálpaði Tenzing upp og tók eftir því, að hann var farinn að verða lítið eitt svifaseinn, en hann var ágætur og öruggur förunautur þrátt fyrir það. Ég var nú orðinn sannfærður um, að við kæmust á tindinn og ekkert gæti stöðvað okkur. Ég fylgdist oft með súrefnisnotkun okkar og var það mér uppörvun, að hún var mjög jöfn.

Ég hélt gönguni áfram, hjó þrep án afláts og komst yfir hverja klettabrúnina af annarri jafnframt því sem ég skimaði ákaft eftir hótindinum. Það virtist þó ógerningur að koma auga á hann, og tíminn leið óðum. Loks hjó ég okkur leið fram hjá mjög stórrri bungu og kleif síðan upp á hana eftir brekku, sem var ekki mjög brött. Þá lá strax í augum uppi, að við höfðum náð settu marki. Klukkan var 11.30 fyrir hádegi 29. maí 1953, og við vorum á hótindi EVEREST'----- Pannig lýsir Sir Edmund Hillary því þegar hann ásamt félaga sínum Nepalmanninum Tenzing stigu fyrstir manna á tind MOUNT EVEREST hæsta fjalls heims 8848 metrar, en það er á landamærum Nepalríkis og Kína. Síðan þetta gerðist eru nú liðin 25 ár og var þess minnst á margvíslegan hátt viða um heim, þá sérstaklega meðal áhugamanna um fjallamennsku. A þessum 25 árum hafa alls um 60 fjallgöngumenn sigrað fjallið, síðast hópur Austurrískra fjallgöngukappa. Tveir þeirra Reinhold Messener og Peter Habeler ásamt einum nepölskum hjálparmanni unnu það afrek fyrstir manna að klífa tindinn án þess að nota súrefnistæki.

UNDIRBÚNINGUR OG FORLEIKUR''

Margir hópar frægra og góðra fjallgöngumanna höfðu í um 30 ár reynt árangurslaust að klífa MOUNT EVEREST og margir týnt lífi sínu í þessum tilraunum þegar breska EVEREST-nefndin ákvað 1952 að senda þá menn sem taka myndu þátt í fyrirhuguðum leiðangri á fjallið árið eftir, í æfingarleiðangur til Nepal. Ætlunin var í þessum leiðangri að klífa Cho Oyu sjöunda hæsta fjall veraldar, sem er 8195 metra hátt. Leiðangrinum mistókst að klífa Cho Oyu, en var eigi að síður talin hafa verið ómetanleg reynsla fyrir alla þáttakendurna. Leiðangursstjóri var Eric Shipton. --Mjög brennaandi spurning fyllti huga þessara fjallgöngumanna á þessari stundu, þ.e.a.s. hvernig skyldi Svisslendingunum hafa gengið, en þeir voru á þessari stundu að gera atlögu að EVEREST. Hópurinn hélt til byggða fullir ótta um að Svisslendingunum hefði nú tekist að sigra fjallið á undan þeim. Það var því ekki lítið áfall þegar þeir mættu nepólskum hjarðmanni sem tautaði eitthvað um að sjö Svisslendingar hefðu náð tindinum. Er félagarnir komu heldur álútir til þorpssins Pangboche fengu þeir svo hinar réttu fréttir, þ.e. Lambert og Tenzing höfðu náð um 8500 metra hæð þegar þeir höfðu þurft að snúa við vegna veðurofsans, þannig að fjallið var ennþá óklifið' -- Seinna þetta sama ár gerðu Svisslendingar tvær tilraunir til viðbótar að klífa EVEREST en báðar mistókust vegna óvenju óhagstæðra veðurskilyrða.

Það ríkti því eftirvænting og bjartsýni, þegar EVEREST-leiðangur breta var formlega ákveðin 1953 og Eric Shipton beðinn um að stjórna honum. Hann fékk síðan það verkefni að velja leiðangrusmenn til fararinnar. Nokkuð langur tími leið frá því að þetta var ákveðið og ekkert skeði. Menn tóku þessu ekki alvarlega héldu að hér væri aðeins um að ræða al-kunna rósemi Shiptons, sem væri að vinna að sínum málum í kyrrþei. -- Þá kom sprengjan'. Shipton hafði verið settur frá sem leiðangursstjóri og nýr maður, John Hunt ofursti, valinn í hans stað. Aðrir í leiðangurinn höfðu verið valdir: Edmund Hillary, Charles Evans, sem voru aðstoðar leiðangursstjórar, Tenzing, George Lowe, Wilfrid Noyce, George Band, Alfred Gregory, Tom Bourdillon, Charles Wylie, Michael Westmacott, Michael Ward, sem var læknir leiðangursins, Griffith Pugh, Tom Stobart ljósmyndari og kvíkmyndatökumaður og loks James Morris, sem var blaðamaður frá The Times, sem hafði keypt einkaréttinn á frásögninni frá leiðangrinum.

Hin svonefnda MOUNT EVEREST tvenning f.v. Vesturtindur EVEREST, MOUNT EVEREST og síðast hið hrikalega fjall NUPTSE, en suðurhlið þess er eitt af stærri verkefnum í Nepal, sem eftir er fyrir fjallgöngumenn.



Strax gætti nokkurrar tortryggni leiðangursmanna í garð John Hunts hins nýja leiðangursstjóra, en hún reyndist ekki á rökum reyst og segir Edmund Hillary m.a. í einni bóka sinni um Hunt: "Ég hitti John Hunt fyrst í



Kathmandu og fannst mér strax mikið til hans þótt ég hafi verið haldinn nokkrum hleypidóum í hans garð áður. Hann heilsaði mér mjög hlýlega, kvaðst vænta mikils af mér og að hann vildi, að við Charles Evans yrðum ráðgjafar, framkvæmdastjórnar hans, en síðan lýsti hann því hvernig hann hefði í hyggju að stjórna leiðangrinum úr fremstu víglínu. John bjó yfir miklu preki og kappi og hann létt í ljós óbilandi sannfæringu um það, að leiðangur okkar mundi ná tindinum-en ég hafði alltaf rætt það af gætni.


Hann sýndi mikil hyggindi í skiptum sínum við okkur-við vorum allir einstaklingshyggjumenn með óbeit á herstjórnarvenjum, en við fengum engar skipanir, aðeins tillögur eða tilmæli, sem voru venjulega rökstudd af slíkri skynsemi, að við samþykktum þau fúslega og störfuðum af fullkominni trúmannsku."

Einn var sá maður sem flestum lék hugur á að kynnast, en það var Nepalbúinn Tenzing, sem hafði tekið þátt í öllum tilraunum Svisslendinga árið áður og getið sér mjög gott orð.

Menn urðu ekki fyrir vonbrigðum.Tenzing var það vel með sér að hann væri í mjög góðri þjálfun og tilbúinn í baráttuna.Hann var stærri en sherpar almennt,en sherpar eru nepalskir aðstoðarmenn fjallgöngumanna,Þá kom það mönnum á óvart hversu ótrúlega polinmðður og hjálpasamur hafi var í sambandi við allar spurningar og óskir sem fram komu.

TENZING og HILLARY
fyrstu mennirnir
sem stigu fæti
á tind hæsta
fjalls heims
MOUNT EVEREST

Það var almennt álit manna að Tenzing væri með afþur um glaðlyndur maður einn og myndin sýnir glögglegu



Mönnum þótti mjög ánægjulegt og í senn heillandi að snúa aftur til Thyangboche-dalsins. Þar var tjaldað í snjónum í þeirri vissu að nú höfðu þeir bæði búnað og menn til þess að ná settu marki.

Ákveðið var að fara í tveggja vikna ferð uppjöklana og klífa lægri tinda, meðan menn reyndu að venjast þunnu háfjallaloftinu og komast í sem besta þjálfun.

Lengst af var hinn príhyrndi tindur EVEREST í augsýn, með langan snjótoppinn sem stöðugt skóf á. Menn vissu að brátt myndu þeir þurfa að glíma við þetta mikla vandamál.

Almennt þótti mönnum þetta í senn skelfilegar og æsilegar horfur. Allur hópurinn snéri aftur til Thyangbochedalsins eftir röð árangursríkra ferða til að venjast þunnu loftinu, og endurfundirnir voru skemmtilegir og hávaðasamir.



Þá var það ákveðið að senda Hillary og Lowe með flokk manna upp hinn svonefnda Khumbujökul, til að koma upp "basecamp" og kanna síðan leiðina áfram upp jökulin. Stefnt var upp miðjan Khumbujökulinn með 38 burðarmenn og haldið yfir jökulruðninginn og glæran ís jökulsins. 12 apríl var slegið upp tjöldum í neðri hluta jökulsins og "basecamp" settur upp. Næstu dagar voru notaðir til að finna beztu leiðirnar upp helzta sprungusvæði jökulsins og söttist það verk fremur hægt. Enda segir Hillary í bók sinni um leiðangurinn að þetta sé langhættulegasta svæði sem hann hafi augum litið. - Næstu dögum var varið til að bæta leiðina og koma upp brúm á ýmsum stöðum með furuplönkum og stigum. Hinn 22. apríl stofnuðu leiðangursmenn svo búðir 3 fyrir ofan mestu ísfossana í jöklinum.

Afram var haldið. Tenzing og Hillary námu staðar rétt ofan við búðir 3 til að kanna vistaforða þann er Svisslendingarnir höfðu skilið eftir árið áður. Voru þar vistir fyrir fjóra til a.m.k. 2 daga. Í búðum 4 fundu þeir síðan allnokkuð magn svissneskra vista í kössum og öðrum umbúðum.

Þegar lokið hafði verið við uppsetningu búða 4 var snúið til baka til búða 2 og segir Hillary m.a.svo frá þeirri ferð:"Við Tenzing héldum áfram með miklum hraða, en ferð okkar stöðvaðist þó snögglega, þegar atón ísbrún, sem ég stökk niður á, brotnaði undan þunga mínum svo að ég hrapaði. Ég rétt gat haldið jafnvægi á mannbrottdunum þangað til Tenzing gat með snarræði sínu kastað til míni línu, áður en ég félji alveg niður í sprunguna.-Tenzing er aðdáunarverður félagi, hraustur, prekmikill, dugandi og ágætlega fær í að nota fjallalinur".



Sir Edmund Hillary meðal manna. Eftir að miklar umræður höfðu farið fram um þær óskemmtilegu líkur að enginn kæmist upp í Suðurskarið daginn eftir var ákveðið að láta Hillary og Tenzing gera lokatilraun til að reyna það til hlítar. Þeir skiptust á að sparka og höggva þrep í ísilagða hlíðina og í kjölfar þeirra komu svo nokkrir sherpar, sem höfðu ekkert súrefni. Þeir áttu því fljótlega í hinum mestu erfiðleikum og fór þannig að Hillary og Tenzing voru komnir með hluta af birgðum þeirra á bakið, þegar þeir loks náðu upp í Suðurskarið. Þar fleygðu þeir birgðunum niður við leyfarnar af svissnesku tjöldunum frá árinu áður.

Er hér var komið sögu, þ.e. 26 maí segir Hillary m.a. í dagbók sinni: "Allur hópurinn, ellefu menn, lögðu af stað í bítið upp í Suðurskarið. Ég fór fyrir og gengum við rösklega. Allt virtist ganga vel hjá hinum svo að við héldum góðum hraða. Klukkan 9.30 sáum við í fyrsta sinn, að fjórir menn voru komnir í suð-austurhrygginn fyrir ofan klettaskoruna.-- Við Tenzing náðum upp í Suðurskarið eftir um þriggja tíma gang og saúm þá hvar John ásamt sherpanum Da Namgyl voru að koma niður aftur. Við fórum á móti þeim og hjálpuðum þeim til aftur til búðanna, þar sem John var örþreyttur.

Næstu dagar fóru í að bera birgðir upp í efri búðirnar, en það er gífurlegt magn ýmis konar vista sem bera þarf, s.s.súrefni, matarbirgðir tjöld og marg fleira.

Afram var brotist og settar upp búðir. 19 maí voru settar upp búðir 7 í rúmlega 7300 m hæð, eftir töluvert mikinn barning.


Nú var komið að því að gera atlögu að hinu svonefnda Lhotse "face", en þar um liggur leiðin upp í Suðurskarið. Ferðin sóttist mjög seint bæði vegna þess að veður var leiðangursmönnum frekar svo og að nokkurrar þreytu var farið að gæta

Aðrir förunautar okkar komu bráðlega, þar á meðal þeir fimm sherpar, sem áttu aðeins að flytja birgðir upp í Suðurskarð, en því miður voru þeir prír, sem áttu að flytja birgðir fyrir okkur áfram upp hrygginn, margar mflur á eftir.--Þeir Tom og Charles hurfu yfir suðurtindinn klukkan 1 eftir hádegi-hvílíkt afrek'', Þetta var svo sannarlega mikil afrek þeir voru komnir hærra en nokkrir menn höfðu klifið áður, þótt skammarlegt sé, að sú gleði, sem ég fann til vegna sigurs þeirra, var blandin öfund og ótta. Það var að brjóstast um í mér hvort þeir yrðu fyrstir á hæsta tindinn".

Þessir hugrenningar Hillarys reyndust óþarfir. Klukkan 3.30 eftir hádegi komu þeir Evans og Bourdillon aftur niður úr skýjunum á leið sinni niður hrygginn.--Þeir höfðu snúið aftur frá suðurtindinum í um 8750 m hæð. Þeir voru algerlega öragna, svo að ferð þeirra niður hrygginn var jafnvæl stórhættuleg. Þeir hröpuðu hvað eftir annað á víðsjárverðum stöðum og hröpuðu síðan niður allt gilið mikla.-Það var algert kraftaverk að þeir skildu sleppa lifandi. Þegar þeir komu niður voru þeir næstum því of preyttir til að geta talað, en brugðu þó upp dapurlegri mynd af ferðinni upp hrygginn til hátindsins, og þeir efuðust jafnvel um að hægt væri að komast alla leið.

Næsti dagur, 27. maí leið nokkuð tíðindalaus, nema hvað allir leiðangursmenn nema Hillary, Tenzing ^{George} og tveir sherpar héldu niður aftur til búða 7, vegna gífurlegrar þreytu, en þar veitt Mike Ward læknir þeim nauðsynlega að-hlynningu.--Daginn eftir tókst leiðangursmönnunum að koma birgðum upp í um 8500 m hæð og setja þar upp búðir eftir óhemjumikið strit.

Dagurinn var runninn upp, 29. maí 1953, nú skyldi reynt við sjá lfan há-tindinn. Veður var hið bezta og útsýni stórfenglegt þegar Tenzing og Hillary vöknudu um 4 leytið. Þeir félagarnir byrjuðu á að útbúa mat og drykk og þíða frosna skóna yfir prímusunum. Þá voru súrefnistækin prófuð. Hillary og Tenzing lögðu síðan af stað um hálfssjö og skiptust á að vera á undan. Þeir komu á suðurtindinn um klukkan níu--Eftir um $2\frac{1}{2}$ tíma ferð þaðan stóðu þessir tveir menn, Edmund Hillary og Tenzing fyrstir manna á hæsta tindi veraldar MOUNT EVEREST 8848 m hár, en nánar sagði frá þessum síðustu metrum hér í upphafi. Útsýnið á þessum hæsta tindi veraldar er að vonum stórkostlegt og segir Hillary m.a. í dagbók sinni svo frá: "Í norðri lá mikilúðlegur hryggur með bröttum brúnum niður að Eystri-Rongbukjökli. Við sáum ekkert af gömlu norðurleiðinni, en hins vegar sáum við prýðilega til Khumbu og Pumori, sem voru langt fyrir neðan okkur.



Síðustu metrarnir upp á tindinn, nú kallað "Hillary steps". Hér er það Dougal Haston sem á ferðinni í lok leiðangurs Bonningtons upp S-V-hlið fjallsins 1975.

Makalu, Kangchenjunga og Lhotse voru aðaltindarnir í austri en fjarri því eins mikilúðlegir og þeir höfðu virst áður. Við Tenzing tókumst í hendur, og síðan lagði hann hendurnar um axlirnar á mér. - Þetta var stórfenglegt andartak''. Eg tók af mér súrefnistækin og varði um 10 mínútum í að ljósmynda Tenzing með fána í höndum, hina ýmsu EVEREST-hryggi og útsýnið yfirleitt. Eg skildi krossmark eftir á tindinum fyrir John Hunt og Tenzing gerði örlitla holu í snjóinn og létt þar í vistfórnir-brjósttsukur, kex og súkkulaði. Við átum piparmyntukökur, en síðan settum við súrefnistækin á okkur aftur. Eg hafði nokkrar áhyggjur af tímanum, svo að við stöldruðum aðeins í 15 mínútur við á tindinum og lögðum af stað niður aftur um 11.45.

Niðurferðin gekk eins og í sögu. En þar sem flestir leiðangursmanna voru orðnir örmagna af þreytu og veðrið var að breytast til hins verra var ákveðið að ekki skyldu fleiri reyna við tindinn að þessu sinni. Allur búnaður var því smám saman tekin niður og hópurinn hélt til byggða. Mikið var um dýrðir þegar niður kom, sérstaklega fögnuðu innfæddir Tenzing innilega. -- Þá voru þeir John Hunt og Edmund Hillary sæmdir riddaranafnbót og kallaðir "Sir". Miklar dýrðir voru einnig þegar heim kom og fjallgönguköppunum fagnað innilega.

Hfðan þessi merki atburður gerðist eru nú 25 ár og á þeim tíma hafa eins og áður sagði um 60 manns þegar klifið fjallið eftir ýmsum leiðum. Langflestir hafa þó farið hina "hefðbundnu" Suðurskarðsleið, þá sömu og Hillary og Tenzing fóru á sínum tíma. --Frægasta atlagan að fjallinu fyrir utan þá fyrstu er án efa, þegar Dougal Haston og Doug Scott fí leiðangri Cris Bonningtons 1975 komust á tindinn eftir að hafa klifið hina frægu S-V-hlið fjallsins. Þetta var þá talið eitt mesta fjallgönguafrek sem unnið hefur verið. Fjöldi leiðangra frá ýmsum löndum höfðu reynt án Árangurs að klífa þessa leið, en engum tókst það fyrr en bretunum undir stjórn Bonningtons og fer vel á því að bretar skuli vera fyrstir á tindinn og einnig fyrstir til að klífa fjallið eftir erfiðustu leið

Nú síðast voru það Austurrískir fjallgöngumenn sem komust á tind EVEREST og tveir af þeim ácamt einum sherpa fyrstir manna án þess að hafa aðstoð af súrefni. Það voru þeir Messner og Habeler sem í dag eru taldir í hópi allra beztu fjallgöngumanna heimsins.



Cris Bonnington



Messner og Habeler



Sighvatur Blöndahl

Doug Scott á tindi EVEREST eftir að hann og Haston höfðu klifið S-V-hliðina

FIMMVÖRÐUHÁLSSLYSIÐ 1970 - VÍTI TIL VARNAÐAR?

Laugardaginn fyrir hvítasunnu 1970, nánar tiltekið þ. 16. maí, lagði 11 manna hópur af stað frá Skóginum undir Eyjafjöllum og stefndi norður yfir Fimvvörðuháls til Þórsmerkur. Lagt var upp kl. 19³⁰ um kvöldið í björtu og hlýju veðri, aust-suð-austan átt og 8° C. Veðurspáin kl. 16¹⁵ hafði að vísu sagt frá lægð á Grænlandshafi, sem færi dýpkandi og hreyfðist norður, með regnsvæði skammt suðvestur af landinu. Gert var þá ráð fyrir suð-vestan átt á Suðvesturlandi, allhvössu á miðunum og rigningu með kvöldinu.

Klukkan 18⁵⁵ hafði veðurspáin breyst þannig, að nú átti að vera suð-austan átt á Suðvesturlandi; „hvasst á miðunum og rigning í nótt, en hægari og ekúrir síðdegis.“

I þessum 11 manna hópi var einungis uppkomið fólk, frá ca. tvítugu til fertugs - fólk á besta aldri. Fararstjórinn var: „þauður fjallamaður, sem gjörþekkti þessa leið.“ Mun þetta hafa verið 17. ferðin hans yfir Fimvvörðuháls.

A Íslandi skipast oft skjótt veður í lofti. Var svo einnig í þetta sinn, því að 3 - 4 klst. eftir að hópurinn lagði upp, var byrjað að rigna. Jafnframt hvessti mjög á suðaustan. Varð brátt mikil úrkoma. Til marks um það má nefna, að úrkoman á Skóginum u. Eyjafjöllum var þessa nótt 15,3 mm, sem telst mikið. Var þó úrkomulítið eftir kl. 03 um nóttina.

Veðrið herti stöðugt, og um 1 klst. eftir að byrjaði að rigna breyttist rigningen í snjókomu. Voru þá flestir í hópnum þegar orðnir gegndrépa og færðin þung, enda snjór yfir öllu. Ær hér var komið sögu, mun klukkan hafa verið nálægt miðnætti. Var þá hópurinn kominn langleiðina upp að gamla skálanum á Fimvvörðuhálsi, en sá nýi var þá ekki enn risinn.

Hópurinn fór framhjá skálanum án viðkomu. Munu þau þó hafa séð til hans í um 200 - 300 m fjarlægð, þegar styrt var. Þar var þó þvert upp í vind að fara til skálans, talið ófært öðruvísni en skríðandi vegna veðurofsans. Einnig taldi fararstjórinn, að í skálum væri lítið skjól að hafa, vissi þá ekki, að sumarið áður hafði verið gert nokkuð við hann.

Hópurinn barðist áfram norður á bóginn yfir hálsinn. Þarna, í 1000 m hæð, var ofsarok og tæplega stætt. Minnstur hiti á veðurathuganastöðvum í lágsveitum á Suðurlandi þessa nótt var 5-6° C,

svo að líklegt er, að hiti hafi verið nálægt frostmarki þarna á Fimmvörðuhálsi. Fararstjórinn sagði síðar, að hann hefði vonast til, að úr veðurofsanum drægi, þegar komið væri niður í hálsinn norðan megin, en sú von brást, þar var einnig ofsaveður og hríð. „Við leiddumst, héldum dauðahaldi hvert í annað, og gekk ég fremst með áttavitann.“

Er hópurinn átti um 800 m ófarna niður að Heljarkambi, gafst þá fyrsti upp. Var það Dagmar Kristvinsdóttir, 21 árs. Gat hún ekki lengur staðið í fæturna, svo að félagarnir gerðu þá byrgi eða skjólvegg úr snjó og reyndu að hlúa að henni. Dagmar varð þó fljótt rænulítill, og tilraunir til að hella í hana heitu kaffi báru ekki árangur. Dó hún þarna í fönninni á 3ja tímanum um nóttina, þrátt fyrir að reynt væri að halda í henni lífi með blásturs- aðferðinni. Nokkru áður en hún skildi við, hafði einn úr hópnum verið sendur á undan norður af til að leita hjálpar niðri í Pórsmörk.

Pegar séð varð, að Dagmar væri látin, ætlaði fararstjórinn að láta afgang hópsins halda áfram, en vinkona Dagmarar, Elísabeth Órimnes, 28 ára, komst þá hvergi. Hafði henni orðið mikið um örlög vinkonu sinnar, var auk þess gegndrepa eins og margir fleiri í hópnum. Dó svo Elísabeth þarna í fönninni, 30 - 40 mínútum eftir látt Dagmarar. Lífgunartilraunir báru ekki árangur. Fararstjórinn og annar til sátu yfir henni síðustu mínuðurnar, en hinir sex, sem enn voru ferðafærir, voru sendir áfram norður af.

Sexmenningarnir komust þó ekki langt. Einum 400 m ofan við Heljarkamb var einn þeirra, Ivar Stampe, 30 ára, orðinn mjög aðframkominn af vosbúðinni og datt við nær hvert fótmaðl. Lengi vel kraflaði hann sig þó á fætur aftur af sjálfsdáðum og barðist áfram, en datt alltaf strax aftur. Varð hann fljótt endanlega magnþrota og lét þá fyrirberast í fönninni. Þrír þeirra sexmenninganna héldu þá áfram, en skömmu síðar komu fararstjórinn og fylgdarmaður hans ofan frá stúlkunum, sem þá voru látnar, nokkur hundruð metrum ofar. Varð þá úr, að fararstjórinn og þeir tveir, sem fylgt höfðu Ivari, héldu áfram, en einn varð eftir hjá Ivari.

Fyrst eftir að fararstjórinn og förunautar hans héldu niður á bógin, tókst að halda Ivari vakandi, en hann varð þó æ sljórri og auk þess sótti mjög svefn á þann, sem eftir var skilinn hjá Ivari. Tók sá því það ráð að forða sér niður, sagði Ivari, að hann færi niður eftir hjálp.

Pegar fyrstu björgunarmennirnir komu upp til Ivars neðan úr Pórsmörk - um kl. 08 um morgunin - var hann látinna. Var þá komið

besta veður, enda slotaði óveðrinu jafn skyndilega og það skuli á.

Af þeim 8, sem komust lífs af, er það að segja, að þeir komust allir af eigin rammleik niður í Þórmörk, en a.m.k. sumir voru þá nær dauða en lífi af kulda og vosbúð. Máttu þeir kallast heppnir að komast þó lífs af.

HVERS VEGNA?

Eftir svona harmleik hljóta ýmsar spurningar að vakna. Hverni gat það gerst, að þrír einstaklingar á besta aldri króknuðu í hel, og enn fleiri voru hætt komnir - á til þess að gera stuttri göngu undir fararstjórn þaulkunnugs leiðsögumanns? Var farið rangt að á einhvern hátt? Getum við dregið einhvern lærðom af þessu ömurlega slysi?

Þótt auðvelt sé að vera vitur eftir á, er þó ýmislegt í sambandi við þessa ferð, sem stingur í augun strax við fyrstu sýn. Það er þá ekki síst klæðnaður þeirra, sem fórust, sem vekur athygli. Skv. lýsingum björgunarsveitamanna, sem fluttu líkin til byggða, voru öll þau, sem fórust, mjög illa klædd og ekkert þeirri í regnheldum fótum, hvað þá heldur í ullarnærfötum. Üll voru þau í lágum gúmmistígvélum, sem hafa trúlega fyllst af snjó og mjög fljótlega eftir að komið var upp í Fimmvörðuháls í byrjun ferðarinnar. Stúlkurnar voru í nylon-sokkabuxum og hár utan yfir í bol og þunnum peysum úr perlon eða líku gerviefni. Únnur var í þunnum nylon-anorak, en hin í lítilli úlpu. Karlmaðurinn, sem fórst, var í stuttum nankinsbuxum og stuttum nærbuxum, illa klæddur að ofan og með fingravettlinga úr leðri.

Eins og getið var um í upphafi, gerði Veðurstofan ráð fyrir vaxandi suðaustanátt og rigningu aðfaranótt hvítasunnudags. Var ákveðin úrkomuspá bæði kl. 16¹⁵ og 18⁵⁵ daginn, sem hópurinn lagði af stað. Ferðalangarnir höfðu því enga frambærilega afsílik-un fyrir að leggja upp án regnfatnaðar, jafnvel þótt veður væri enn gott, þegar gangan hófst. Einnig hlýtur það að teljast alvarlegt gáleysi að leggja upp á 1000 m háan fjallveg að vori til á lélegum gúmmistígvélum og að mestu eða alveg án ullarfatnaðar.

Ull, ekki síst íslensk, hefur þann eiginleika, að gegnordum af vætu heldur hún ca. 40% af einangrunargildi sínu, miðað við þurrt ástand. Gagnstætt þessu missir margt efni, ss. dún, nylon-efni ofl., einangrunargildi sitt nær algjörlega, ef það bictnar. Verður því seint lögð of mikil áhersla á mikilvægi ullarfatnaðar í sambandi við fjallgöngur hérlandis, bæði að vetri og sumri.

Litt það atriði, sem auðvelt er að setja út á í sambandi við slysið á Fimmvörðuhálsi, er hve lengi var brotist áfram, áður en reynt var að búast í skjól. Greinilegt er, að þegar loks var sest að með stúlkurnar, voru flestir í hópnum aðframkomnir af breytu og vesbúð. Þá hefur því lítil vara-orka verið eftir til að búast um svo að dygdi, enda eru báðar stúlkurnar látnar fáum mínútum síðar.

Þegar á það er litid, að hópurinn fer framhjá skálanum á Fimmvörðuhálsi eftir að komið er sturlað veður, án þess þó að athuga aðstæður þar neitt nánar, rifjast upp málshátturinn: Það er lakur skúti, sem ekki er betri en úti.

Að lokum vill undirritaður láta fylgja með nokkur heilræði til fjallamanna, sem bandaríski læknirinn Theodore G. Lathrop hefur sett fram í bækling sínum „Hypothermia, killer of the unprepared.“ Eiga þessi heilræði að hjálpa til við að fyrirbyggja ofkælingu, en eins og reynt hefur verið að benda á með grein þessari, er ofkæling í sinni svæsnustu mynd bráðhættulegur hlutur.

1. Lærð ad þekkja óvininn: Kuldinn getur verið lúmskur, ofmetið ekki eigið prek. Einн veikbyggður getur steyp特 heilum hóp í glötun, ef illa tekst til með veður og aðstæður.

2. Klæðist gegn kulda, vindi og vætu: Berið ætíð með ykkur skjól-fatnað, ef farið er í fjallgöngu, og ekkert síður, þótt farið sé af stað í góðu veðri. A Íslandi ætti enginn að reyna að klífa 1000 m hátt fjall án þess að hafa stórhriðar-galla með sér í bakpoka. (Stórhriðar-galli: bykk ullarpeysa, úlpa eða anorak úr þykkju og traustu efni með áfastri hettu, góð húfa úr ull eða etv. silki, þykkir ullar-belgvettlingar.)

3. Borðið nóg: Algjör lífsnauðsyn er að borda og drekka nóg í erfiðum günguferðum, og þá ekki síst áður en farið er upp. Það er vítabert gáleysi að leggja af stað í 6 - 10 klst. göngu að morgni án þess að borda vel fyrst. Berið með ykkur nægan mat, ekki síst eitthvað lystugt og orkurikt, t.d. feitmeti, súkkulaði, burrkaða évexti o.s.frv.

4. Berið með ykkur neyðarbúnað: Hér er einkum átt við stórpoka úr vatnsláttu, þunnu efni, svok. bivouac-poka. Stór plastpoki, sem a.m.k. tveir menn rúmast í, getur verið mun betri en ekki. Fleira mætti hér nefna, s.s. þunna og létt dýnu úr vatnsfelinum svampi (t.e. Karrimat), neyðarblys o.fl.

5. Setjist að fyrr en seinna: Ef þessa er gætt, er hægt að

velja betra skjól, meiri kraftur er þá eftir til að búa vel um sig og etv. matbúa eithvað, sbr. hins vegar harmleikinn á Fimmvörðuhálsi.

6. Hreyfið ykkur, eftir að sest er að: Gömlu mennirnir vissu, að ef þeir grófu sig í fönn, var lífshættulegt að sofna. Úrsök þessa var ekki hætta á köfnun í snjónum, heldur ofkæling. Nauðsynlegt er að halda vöðvunum starfandi, t.d. má spenna þá hvað eftir annað án þess að hreyfa liðamótin, ef þróngt er um mann í neyðarskýlinu. Þannig framleiða vöðvarnir þann varma, sem nauðsynlegur er til að halda líkamshitanum uppi. Ekki má heldur gleyma að losa um skóreimarnar, ef verið er í reimuðum fjallgönguskóm. Slíkt bætir blóðrásina niður í fætur og dregur úr kalhættu á tám.

Munið alltaf: Það er miklu auðveldara að fyrirbyggja slysin en meðhöndlæ afleiðingarnar.

Ingvar Teitsson

SUÐURTINDUR KANGCHENJUNGA KLIFINN FÝRSTA SINNI:

Tveir pólskir fjallgöngumenn urðu fyrstir til að klífa Suðurtind Kangchenjunga, sem var hæsti óklifni tindur heimsins, 8490 m á hæð. Suðurtindurinn er einn fimm tinda Kangchenjunga, en hæsti tindur Kangchenjunga er sá þriðji hæsti í heiminum, 8579 m hárr. Pólverjarnir tveir, Eugeniusz Chrobak og Wojciech Jorzwana, sem voru meðlimir í pólskum leiðangri, sem Piotr Młotecji stjórnaði, eru sagðir hafa komist á toppinn 19. maí sl. Eftir það var leiðangurinn kallaður til baka og haldið til byggða.

Aðaltindur Kangchenjunga var fyrst klifinn 1955, þá af breskum leiðangri, sem í voru nokkrir leiðangursmenn úr Everest-leiðangri Hunts tveim árum áður.

Sighvatur Blöndahl

PÁSKAR Á ÖRÆFAJÖKLI

Um miðjan febrúarmánuð tóku sig saman fimm félagar úr Alpa-klúbbnum og Flugbjörgunarsveitinni og hófu að ráða ráðum sínum um páskafeferð á Öræfajökul. Þetta voru þeir Rúnar Nordquist, sem skyldi vera fararstjóri ferðarinnar, Guðjón Halldórsson, kokkur ferðarinnar, Óli Gardarsen, Magnús Guðmundsson og Torfi Hjalta-son.

Aætlað var, að ferðin tæki 10 daga. Hugmyndin var að ganga á Öræfajökul frá Fagurhólsmýri, dvelja uppi á sléttunni í nokkra daga og ganga á hina ýmsu tinda á Öræfajökli, s.s. Hvannadals-hnúk og Hrútsfjallstinda. Þaðan skyldi haldið niður í Mávabyggðir og Esjufjöll og endað á Breiðamerkursandi.

Laugardaginn 18. mars, árla morguns, var lagt af stað austur í Öræfi með áætlunar bílnum. Þegar við komum til Fagurhólsmýrar um kl. 19, var veður þungbúið og smáskúrir öðru hvoru. Tókum við strax til við að flytja upp í um 200 m hæð fyrir ofan Fagurhólsmýri. Þar fundum við góðan tjaldstað. Urðum við að fara tvær ferðir, því snjólaust var, en útbúnaður og vistir um 40 kg á mann. Voru þar stærstu póstarnir riflegur matarskammtur, eldsneyti á prímusana og tjöldin.

Fyrstu nóttnina í tjaldstað fyrir ofan Fagurhólsmýri var úrkoman 12 mm. Blotnuðu svefnþokkar þeirra Óla og Torfa svo í Blacks-braggatjaldinu, að þeir urðu að rölta til byggða og fá þá þurrkaða inni í húsi. Ekkert var hægt að aðhafast þann dag vegna veðurs, rigningarhraglandi og rok. Var tímanum eytt í að spila jatsí, drekka kaffi og éta.

Það sama var uppi á teningnum daginn eftir. Tóku nú líkur á því, að við gætum farið um Mávabyggðir og Esjufjöll, mjög að minnka.

Loks á þriðjudag, 21. mars, gátum við lagt upp, og lögðum við af stað kl. 19. Logn var og heiðskýrt og frost -8°C . Urðum við að fara tvær ferðir upp í snjólinu í um 400 m hæð. Þegar þangað kom, var hafurtaskinu skipt milli snjóþotunnar og bakþokans. Síðan hófst píslargangan mikla. Við gengum í einfaldri röð og beittum handleggjunum, auk ganglimanna, með því að nota skíðastafina til að ýta okkur áfram. Þannig þumlunguðum við okkur upp í móti hægt og hægt. Um kl. 10 um kvöldið vorum við komnar í um 1600 m hæð. Þar áðum við, og var hituð súpa. Varla bærð-ist hár á höfði, en frost var orðið -17°C . Nú áttum við aðeins


rúmlega 200 m eftir upp á sléttuna. Hnappurinn (1851 m) í brún sléttunnar eða gígskálarinnar virtist vera í seilingarfjarlægð. Aftur lögðum við í hann, en þegar tók að nálgast miðnætti, var komin þoka og byrjað að blása af suðaustri. Töldum við ekki ráð að halda inn á sléttuna milli Hnappa og Hvannadalshnúks við svo búið. Slógum við því tjöldum í 1800 m hæð í nokkur hundruð m fjarlægð frá Hnappnum hinum hærri. Bjuggum við til láréttan stall í hlíðina og hlóðum skjólgardā við tjöldin. Síðan fórum við að sofa, eins og lög gera ráð fyrir.

Morguninn eftir vakna ég við það, að við Óli og Torfi erum komnir í eina kássu og okkur er haldið sem í skrúfstykki. Þar að auki var Rúnar í tjalddyrunum, flytjandi okkur þau hughreystandi tíðindi, að allt væri að fenna í kaf. Óti var komin blindhríð og svo mikill veðurofsi, að varla var stætt. Var farið til þess að grafa snjóhús, en það gekk illa, því holuna fyllti jafnóðum sem mokað var upp úr. Reftum við þá yfir holuna með skíðunum, og fór þá verkið aðeins að ganga.

Er leið á morguninn, tók veðrinu að slota. Það var ekki falleg sjón, er við okkur blasti. Bragginn var lagstur á hlíðina, annað langbandið brotið, tveir fiber-bogar skemmdir og tjaldið að mestu leyti á kafi í snjó. Blacks-Mountain-tjaldið hafði lagst saman, svo aðeins sást í endana á því, en það slapp þó að mestu óskemmt. Allt að því 1,5 m djúpt snjólag var ofan á snjóþotunum, þar sem við höfðum skilið við þær kvöldið áður. Kom sér nú vel að hafa góðar skóflur.

Seint um kvöldið þann sama dag var greftri snjóhússins lok-
ið. Þetta var hið myndarlegasta hús, um 15 m^2 á stærð, með eld-
húskróki og „ísskáp.“ Einhver kom með þá uppástungu að kalla
húsið Hótel Hnapp, en Óla fannst réttara, þar sem þetta væri í
rauninni aðeins gat niður í jökulinn, að kalla það Hótel Hnappa-
gat. Var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Útséð var nú
um það, að við kæmumst niður í Esjufjöll. Annað tjaldið var
skemmt og tíminn að hlaupa frá okkur. Var því augljóst, að við
yrðum að fara sömu leið niður og við komum upp, þ.e.a.s. niður
að Fagurhólmseyri. Við höfðum þó enn þrjá daga til að gera það,
sem hugann girntist uppi á jöklínum, ef veður yrði hagstætt.

Skírdagur rann upp bjartur og fagur. Varð það úr að nota
daginn til Hvannadalshnúksfarar. Snæddur var morgunmatur og tek-
ið saman það, sem þurfti til dagsins. Rúnar tók sig til og hlóð



"Hnappagat" í mótun

svo harðfrosnir, að ekki var hægt að komast í þá. Gengu þeir upp á skíðaskónum. A toppnum var logn og sól, en talsvert frost. Ótsýni var mjög gott til vesturs, og sá allt til Kerlingarfjalla. Austan Öræfajökuls var aftur á móti skýjað, og útsýni til þeirrar áttar lítið. Dvöldum við á Hnúknum lengi dags, og þegar við komum niður af honum, var orðið kvöldsett. Í "Hnappagat" komum við, þegar orðið var aldimmt. Þá um kvöldið var snæddur staðgóður kvöldverður, en síðasta verkið það kvöld var að ganga betur frá Útgöngudyrunum, því nokkuð kalt hafði verið nöttina áður.

Að morgni föstudagsins langa var aftur komin stórhrið. Hlóðum við þá varnargard við Útgönguopið á húsinu, auk þess sem endurbætur fóru fram innan dyra. Komu nú skóflurnar enn í góðar þarfir. Endanlega var gengið frá opinu á þann hátt, að stór og mikill plastpoki var festur yfir opið. Snjóinn festi ekki á pokanum vegna þess, hve hann blakti mikið. Var því nokkuð tryggt, að nóg súrefni bærist niður í húsið. Samt sem áður

snjóvörðu eina mikla, rúml. 2 ja m háa, og skreytti hana með snjóþotu. Þótti þetta vissara, ef veður breyttist til hins verra, er á daginn liði.

A hádegi var stigið á skíðin og haldið upp á brún sléttunnar, sem var aðeins 20 - 30 m fyrir ofan "Hnappagat." Var sléttan og tindar allir baðaðir sólu. Færi var gott, og innan stundar vorum við sunnan undir Hvanna-dalshnúk. Settum við upp brodda og gengum í línu upp. Ekki voru nema tveir okkar í fjallgönguskóm, því skór hinna voru



A Hvannadalshnúk, séð til vesturs. Dyrhamar til vinstri.

vöktum við til skiptis um nóttina, ef ske kynni, að loftrásin lokaðist.

Laugardagur fyrir páskra rann upp, þó að við yrðum þess ekki mikil varir í „Hnappagati.“

Við grófum okkur út, og var þá enn nokkur snjókoma, en vindur ekki mikill. Nú var um tvennt að velja. Annað var að hækka húsið í snjónum um ca. 2 metra vegna þess hve mjög hafði snjóað. Húsið var svo djúpt inni í snjónum, að ekki logaði þar lengur vel á prímusunum vegna súrefnisskorts.

Hinn kosturinn var að leggja af stað niður. Þegar kom fram á daginn, var hægviðri, en þoka. Varð það úr, að lagt skyldi af stað niður. Talsverðan tíma tók að finna það dót, sem eftir hafði orðið úti, en tókst þó að lokum. Var talsvert liðið á dag, þegar við lögðum loks af stað niður. Kafaldsfærð var, menn með þungar byrðar, auk þess sem alltaf þurfti að gæta að kompás-stefn nni. Gekk því niðurferðin seint. Um kl. 9 um kvöldið var kominn ösku-bylur enn einu sinni. Þá vorum við staddir í 1100 m hæð og sprungu-



Í 1100 m hæð á Öræfajökli. Þarna „sváfum“ við síðustu nóttina á jökli.

svæði framundan. Var ekki um annað að ræða en að reyna að koma upp tjaldi. Tókst að setja upp Blacks-Mountain-tjaldið við jaðar sprungusvæðisins. Úg inn í þetta tveggja manna tjald fórum við fimm, dýnurnar og svefnþokarnir, að ógleymdum álteppunum. Lá þar hver um annan þveran og öll liðamót í líkamanum notuð til að fylla upp í hin ýmsu holrúm, sem jafnan myndast við venjulegar aðstæður í tjaldi. Nóttin leið með góðum vilja og jákvæðu hugarfari, og á páskadag var bjart veður og þokulaust, en nokkuð hvasst framan af. Við gátum því lagt af stað niður, og bar ekkert frekar til tíðinda á niðurleiðinni. Til Fagurhólsmýrar komum við kl. 3 síðdegis. Þar var sól og hiti og nokkur gola. Tjölduðum við á lækjarbakka við þjóðvegin. Þótti mönnum það skemmtileg tilbreyting eftir vistina í „Hnappagati.“ Um kvöldið var páskamaturinn etinn, og tóku menn hráustlega til matar síns, enda hafði lítið næði gefist til eldamennsku kvöldið og nóttina áður.

Daginn eftir, mánudag 2. í páskum, 10. og síðasta dag ferðarinnar, gengum við frá okkar hafurtaski og bárum það síðasta

spölinn, 100 m spotta úr tjaldstað að kaupfélaginu á Fagurhólsmýri. Heim fórum við síðan með áætlunar bílnum, baklúnir eftir endalausan snjómokstur, lítils háttar kalnir og fullsaddir af hríðarbyljum Öræfajökuls. En í höfðinu voru þegar farnar að fæðast nýjar hugmyndir um nýjar páskaferdir í Öræfi. Og snjóskóflan verður víst alveg örugglega með í ferðum. Hún er góð líftrygging í vetrarferðum á fjöll.

Magnús Guðmundsson

NICK ESTCOURT FERST I K2-LEIÐANGRI BONINGTONS - HÆTT ER VIÐ

FREKARI TILRAUNIR TIL AÐ KLÍFA FJALLIÐ AÐ PESSU SINNI:

Sá hræðilegi atburður gerðist í leiðangri Boningtons á K2 þ. 12. júní sl., að Nick Estcourt lenti í snjóflóði og lést. Estcourt og Doug Scott voru að klifra í um 6700 m hæð, þegar óhappið varð. Það vildi Scott til lífs, að hinn gífurlegi snjóbungi, sem á bandið kom, sleit það. Estcourt féll síðan um 1000 m niður vestur-hrygg fjallsins með snjóflóðinu, og algjör ógerningur var að finna lík hans undir þúsundum tonna af snjó.

Leiðangur Boningtons kom að rótum fjallsins K2, sem er næst hæsta fjall heims, 8616 m, rétt fyrir mánaðarmót, og voru þeir tölувert á undan áætlun, er óhappið varð. Þegar var ákveðið að hætta öllum frekari tilraunum til að klífa fjallið, og leiðangursmenn, sem voru, auk Estcourts, Scotts og Boningtons, þeir

Boardman, Tasker, Braithwaite, Duff læknir og Riley kvíkmyndatökumáður, sneru aftur til Islamabad, höfuðborgar Pakistan. Nánar um K2, sjá síðasta tölublað ISALP.

Nick Estcourt var 33 ára gamall og lætur eftir sig konu og þrjú börn. Hann er þekktur sem einn fremsti fjallgöngumaður heimsins og hefur unnið mörg afrek á því sviði, t.d. var hann einn af lykilmönnum í velheppnuðum leiðangri Boningtons til að klífa S-V-hlið Mount Everest 1975.



Hér má sjá Estcourt í bílnum, ásamt félaga sínum, Braithwaite, fyrir leiðangurinn.

Sighvatur Blöndahl

A SKÍÐUM UM ALPANA

Priðjudaginn 2. maí 1978 lögðum við Arnór Guðbjartsson upp frá Reykjavík í 2ja-3ja vikna ferð um Alpalöng Evrópu. Aætlað var að fara fyrst til Austurríkis á námskeið í snjóflóðaleit og vetrarbjörgun í fjöllum. Síðan skyldi ekið til Swiss og Mont Blanc-svæðisins í Frakklandi, en þar eru góðar aðstæður til skíðaiðkana í háfjöllum á þessum árstíma.

Fyrsta daginn flugum við til London, skoðuðum þar í búðir og prófuðum bjórframleiðslu Bretanna. Morguninn eftir flugum við til München í Suður-Þýskalandi, tókum þar bílaleigubíl og ókum samdægurs yfir til Austurríkis, til borgarinnar Innsbruck, sem er mikil miðstöð vetraríþróttu í vestanverðu Austurríki. Þar gistum við um nóttina á pension, þ.e. leiguherbergi á einkaheimili.

Daginn eftir, 4. maí, ókum við upp til smáþorpsins Ranalt,


sem er efst í Stubai-dal í Stubai-Ölpunum, stutt sunnan og vestan við Innsbruck. Við Ranalt er fjölsótt skíðasvæði á jöklinum Stubai-Gletscher. Eru þar góðar aðstæður til skíðaiðkana, skíðalyftur teygja sig upp í 3200 m hæð í fjöllum. Þar yfir dalbotninn gnæfir fjalllið Zuckerhütl, 3511 m, á landamærum Austurríkis og Ítalíu.

Þennan dag vorum við á skíðasvæðinu á Stubai-Gletscher, gistum næstu nótt í smáþorpinu Neustift, neðar í Stubai-dal.

Morguninn eftir héldum við fyrst upp á Stubai-Gletscher á skíði, en síðdegis yfirlögum við dalinn og fórum upp í Franz-Senn-Hütte, sem er vistlegt fjallahótel í 2150 m hæð í Stubai-Ölpunum. Þar í grennd dvöldum við svo í viku á námskeið í snjóflóða-björgun og -leit. Námskeið þetta var haldið á vegum Tyrol-deildar austur-



Austurríki: Stundum þurfti að axla skíðin, þegar brattinn jókst.



A námskeiðinu var lögð mikil áhersla á gott leiðarval

hægt er að lifa af næturlangt í háfjöllum - án tjalds, svefnpoka, dýnu eða hitunartækja. Við grófum okkur snjóhús í stóran skafl með ísöxonum, var þess gætt að grafa sig upp á við inn í skaflinn, svo að munni hússins yrði lægri en svefnplássið. Pannig er ekki hætta á, að kalt loft utan frá sígi inn til þeirra, er dvelja í skýlinu.

Um nóttina var legið þétt saman. Umbúnaðurinn var þannig, að á gólf hússins (í snjóinn) lögðum við álteppi, en skíðin og stafina þar ofan á. Ofan á skíðin lögðum við ýmislegt lauslegt, m.a. jöklalínur okkar. Síðan klæddum við okkur úr skíðaskónum og fórum í alla þá sokka, peysur og aðrar flíkur, sem meðferðis voru. Loks fórum við í neyðarpoka úr þunnum álpappír (slíkir pokar ná

rísku fjallabjörge unarsveitanna og var mjög lærdómsríkt. Þar veru haldið allmög fræðileg erindi innan dyra, en mest var bó verið úti, á skíðum í fjöllunum. Þar var kennd snjóflóðaleit o.fl. í þeim dýr, mest út frá hagnýtum sjónarmiðum. Þá var farið víða um fjöllin, m.a. á tindinn Innere Sommerwansspitze, 3100 m. Einn daginn var farið upp í fjallaskarð við tindinn Schrände, 3393 m. Þar lágum við úti um nóttina í snjóhúsi - í um 3100 m hæð.

Þessi snjóhús-gisting var til þess ætluð að kenna þáttakendum, hvernig

upp fyrir hendur) og tróðum fótunum svo í tóma bakpokana. Lágum við þannig á skíðunum um nöttina og áttum allgóða vist, þótt frost væri hart úti.

Meðal þess, sem farið var í á námskeiði þessu, var björgun slasaðra úr jökulsprungu. Einnig var kennt, hvernig smíða má neyðarsleða úr skíðum og flytja slasaða þannig. Vorum við æfðir nokkuð í slíkum flutningum.

I sambandi við mat á snjóflóðahættu má nefna, að okkur var kennt að lesa úr „snjóflóðaprófíl.“ Er þá tekið þversnið í hengju eða skafl, sem verið er að kanna, og einstök snjóalög í sniðinu athuguð. þéttleiki er þá eitt það, sem athugað er - prófað með því að stinga hendi í einstök snjóalög. Ef aðeins er hægt að stinga fingri í, telst lagið hart og traust, en ef öll hendin gengur auðveldlega í, er lagið laust og hættulegt m.t.t. snjóflóða. Einkum eru hrímlög í snjóflóðaprófíl talin hættuleg í þessu sambandi.

A námskeiðinu var ætíð ferðast um á Alpa-ferða-skíðum. Pessi skíði eru stutt og breið, jafnan með stálköntum, og fylgja þeim skinn, sem spennt eru undir skíðin, þegar farið er upp á við. Varna þau því að skíðamaðurinn renni aftur á bak, t.d. þegar farið er upp brekku. Með þessum útbúnaði má klifra ótrúlega bratt, ef snjórinн er hagstæður. Bindingarnir á þessum skíðum eru að vissu leyti samblund af göngu- og svig-skíðabindingum. Undir skósólánum er plata, sem er á hjör að framan, en skónum er ýmist haldið fram að táfestunni með gormi aftur fyrir hælinn eða þá, að á afturenda sólaplötunnar er lokubúnaður, svipaður og á venjulegum svigskíðum.

Þegar skíðamaðurinn rennir sér niður á við, festir hann sólaplötuna niður að aftan, minnir þá útbúnaðurinn mjög á venjuleg svigskíði. A göngu er platan hins vegar höfð laus að aftan. Lyftist þá hællinn í hverju skrefi, líkt og á gönguskíðum.

A þessi skíði má nota hvort heldur sem er venjulega svig-skíðaskó eða klifurskó. Klifurskór þurfa þó helst að vera með þvertá og grópi ofan við hællinn til að tolla vel í þessum bindingum.

Námskeiðinu lauk 12. maí, og daginn eftir ókum við Arnór vestur á böginn frá Innsbruck, upp Inn-dalinn (kenndur við samnefnda á) til Sviss. Þar ókum við gegnum dvergríkið Liechtenstein og svo suðvestur eftir Sviss til borgarinnar Luzern. Þá ókum við til Interlaken, sem er ríkileg ferðamannamiðstöð norðan við

fjallasvæðið í Berner Überland. Stutt frá Interlaken tókum við bílferju suður yfir fjöllin og niður í Rhone-dal í kantónunni Wallis. Þaðan ókum við upp til smáþorpsins Täsch, stutt neðan við ferðamannabæinn Zermatt. Um nóttina gistum við í Täsch.

Morguninn eftir, 14. maí, fórum við upp til Zermatt og tókum þar lest upp til Gornergrat í rúmlega 3000 m hæð. Þaðan fór um við í kláf langleiðina upp á Stockhorn, 3532 m, sem er rétt norðan hins mikla fjallmassa Monte Rosa. Pennan dag var afbragðsveður, heiðríkt og hlýtt. Fyrst klifum við upp á Stockhorn, gengum svo á skíðum upp í norðurhlíðar Monte Rosa og renndum okkur loks heim að Monte Rosa Hütte, er það esk. fjallahótél í eigu svissneska Alpaklúbbssins. Hótelið stendur neðarlega í norðvesturhlíð Monte Rosa, og þar vorum við í góðu yfirlæti það, sem eftir var dagsins og um nóttina.

Morguninn eftir lögðum við upp kl. 05¹⁵ og skyldi nú gengið á Monte Rosa. Veðurútlit var þá fremur slæmt, skýjað og þoka á fjalllinu. Einir ll voru farnir upp á undan okkur um morguninn, en snoru flestir fljótlega við vegna veðurútlitsins. Er á daginn leið, skánaði þá veðrið nokkuð.

Við gengum á skíðum upp í lítið skarð í ca. 4400 m hæð, rétt norðan í Dufourspitze, hæsta tindinum á Monte Rosa. Þar skildum við skíðin eftir og klifum, vopnaðir mannbrotti og línu, upp mjóan hrygg upp á hættindinn, í 4634 m hæð. Þetta er jafnframt hæsti tindur Sviss. Þarna uppi var þoka og mikið frost, brunagaddur. Vorum við því kappklæddir.



Puðað í þúður-snjó á Monte Rosa

Úr skarðinu renndum við okkur svo aftur niður í Monte Rosa Hütte, ca. 1600 m lækkun. Tók sú ferð ca. 2,5 klst. Var þarna sól annað veifið og þá vel hlýtt. Íkringum hótelið var mikil mannaferð, m.a. fjöldi þyrla á sveimi. Voru þær víst einkum að flytja vistir í hótelið.

Frá hótelinu renndum við okkur niður Gornergletscher til Furi, (1880 m), fórum þaðan með kláf síðasta spölinn niður í Zermatt. Pennan dag renndum við okkur samfellt ofan úr 4400 m hæð niður í 1800 m, sem sé 2600 m lækkun.

Um kvöldið ókum við frá Sviss yfir skarðið Col de la Forclaz til bæjarins Chamonix í frönsku Ölpunum, rétt við rætur Mont Blanc. Þar sváfum við um nóttina í bílnum.

Daginn eftir, 16. maí, var slæmt veður og enn verri veður-spá. Þá vorum við því um kyrrt í Chamonix. Tímanum eyddum við í búðaráp ofl., einnig brugðum við okkur í sund og höfðum það gott.

Morguninn eftir var veðrið hvergi nærri gott, en þó skárra en áður. Þá var ákveðið að reyna við Mont Blanc, og tókum við kláf úr Chamonix upp í ca. 2000 m hæð. Þaðan héldum við áfram upp á við á skíðum, skáhallt yfir hlíðar og skriðjökla, upp í fjallakofa í 3050 m hæð í norðvestur-hlíð Mont Blanc, Refuge des Grands Mulets. Þessi skíðaleið lá þvert yfir hættuleg snjó-flöðasvæði, og hröðuðum við okkur þar eftir megni. Rann okkur heldur en ekki kalt vatn milli skinns og hörunds, þegar gífur-legt snjóflóð stéyptist skyndilega með miklum drunum og mjall-skýi úr fjallshlíð, þar sem við höfðum verið á gangi litlu áður.

Að hættusvæðunum drögum við jafnan snjóflóðasnúrur á eftir okkur. Slík snúra er 20 m langur spotti, merktur með fárra metra millibili með örbum, sem benda til þess, sem dregur snúruna. Getur svona snúra auðveldað mjög leit, ef viðkomandi lendir í snjóflóði.

I kofanum røyndist varla ætan matarbita að hafa. Voru það okkur mikil vonbrigði, því að daginn áður hafði okkur verið sagt á skrifstofu franska Alpaklúbbsins, að í kofanum væri vörður og nægur matur. Nú var þar hins vegar hvorugt - kom á daginn, að vörðurinn hafði farið niður 4-5 dögum áður. Þetta kvöld fórum við því hungraðir í háttinn. Viðunandi hlýtt var þó í kofanum og nóg drykkjarvatn, hægt að bræða snjó á eldunartækjum kofans.

Morguninn eftir vöknudum við snemma, því að nú átti að reyna við tindinn á Mont Blanc. Tindurinn var þó hulinn óveðursskýjum, svo að við biðum um stund, lögðum loks af stað upp úr kl. 05.

Veðrið fór þó versnandi, og þykkir skýjabólstrar hrönnuðust upp yfir háfjallinu. Í 3500 m hæð snerum við loks aftur í roki og brunagaddi, renndum okkur niður í kofann aftur. Þar höfðum við litla viðdvöl, hröðuðum okkur eftir skíðaslóðinni frá deginum áður, þvert yfir snjóflóðasvæðið, niður að kláfstöðinni í 2000 m hæð. Að þessari leið henti það óhapp, að Arnór datt og missti annað skíðið frá sér. Venjulega er höfð öryggisól frá bindingunum og utan um ökkunn, en hér var því viljandi sleppt vegna snjóflóðahættunnar. Bjuggumst við tæpast við, að sjá skíðið meir, en renndum okkur þó niður, Arnór einskíða, á eftir því. Til allrar hamingju fundum við þó skíðið nokkru neðar, óskemmt.



A ískyggilegri ferd
niður Mont Blanc

Frá kláfstöðinni fórum við með kláfnum lengra upp, upp á tind Aguille du Midi, 3842 m. Sú braut er hluti af hinni miklu kláfbraut þvert yfir fjöllin frá Chamonix til Ítalíu. Endastöðvar kláfbrautarinnar eru raunar stutt frá hinum frægu Mont Blanc-jarðgögum, sín stöðin við hvort op gangnanna.

Frá Aguille du Midi renndum við okkur svo niður hinn mikla skriðjökul Mer de Glace, langleiðina niður í Chamonix. Þessi jökull er um 17 km langur, einn hinn mesti í öllum Ölpunum. Aðri hluta jöklusins var kalt og samfelld þoka, en þó þunnskýjað, svo að birtan var geysileg. Var því algjör nauðsyn að bera riflega af sólkremi í andlitið (við notuðum Piz Buin, 6+, Gletscher). Góður værasalvi er einnig ómissandi við aðstæður sem þessar.

Um kvöldið ókum við til Genfar í Sviss, um 100 km leið frá Chamonix. Morguninn eftir, 19. maí, flugum við svo heimleiðis, um Kaupmannahöfn. Alskýjað var og leiðinlegt veður í Genf um morguninn. Þegar þotan okkar reif sig upp úr skýjabykkninu, kom þó í ljós, að efri mörk skýjanna voru í aðeins 4-4,5 km hæð og upp úr þeim gægðist fannhvítur tindurinn á Mont Blanc, baðaður sól. Var það fögur sýn og eftirminnileg.

Helgi Benediktsson


FRÆÐSLA: „STÖÐVUN MED ÍSEXI“

Að falla og hafa ísexina eina til að stöðva sig er nokkuð, sem flestir fjallgögumenn lenda í. Meðfylgjandi myndir sýna, hvernig rétt er að bregðast við í snjó og ís. Rétt er að taka fram, að þetta er eina rétta aðferdin.

Aðalatriðin eru:

- 1) Nota ber exina til að snúa sér, svo að höfuðið snúi upp í móti.
- 2) Koma skal sem mestum þunga ofan á ísexina, þannig bremsar hún best.

3) Draga fæturnar upp, sérstaklega er þetta mikilvægt, ef menn eru á mannbroddum, því að ef broddarnir stingast í, flýgur maðurinn „heljarstökk“ aftur yfir si.



Sighvatur Blöndahl.

FERÐAAÆTLUN Í SALP Í JÚLÍ OG ÁGÚST:


30. júlí, sunnudagur: Hengill

Væntanlegir þátttakendur hringi í Erling Thoroddsen í síðasta lagi miðvikud. 26. júlí, í síma 19828 eða 83599.

18.-20. ágúst, föstud.-sunnud: Hrútfell við Kjálveg

Undirbúningsfundur í Gróubúð miðvikud. 9. ágúst kl. 20³⁰. Pátttakendur, sem ekki komast á fundinn, hringi í Guðjón Ó. Magnússon, s. 36059, í síðasta lagi 9. ágúst.

VÖRUR SEM VANDAÐ ER TIL



Camp
Trails



ajungilak.



Blacks
of Greenock

ultimaté

Paraboot - Gallbier



Kastinger



SKÁTABÚÐIN

SÉRVERSLUN
FYRIR
FJALLA- OG
FERÐAMENN.

SNORRABRAUT 58 SÍMI 12045

Rekin af Hjálparsveit Skáta Reykjavík